

Til stjórnkerfis- og lýðræðisráðs

### ***Umsögn um tillögu - Viltu að Reykjavík verði sjálfstætt borgríki?***

Með tölvubréfi, dags. 1. júní sl. óskaði formaður stjórnkerfis- og lýðræðisráðs eftir umsögn borgarlögmans um tillögu fulltrúa Samfylkingarinnar, Hilmars Sigurðssonar sem lögð var fram á fundi ráðsins sama dag. Tillagan er svohljóðandi:

*Í ljósi framkomins frumvarps til laga á Alþingi um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkurlflugvelli, þingskjals 478, 361. mál, samþykkir Stjórnkerfis- og lýðræðisráð hefja undirbúning að ráðgefandi íbúakosningu í Reykjavíkurborg þar sem spurt verður: „Viltu að Reykjavík verði sjálfstætt borgríki?“ með svarmöguleikunum já eða nei. Við undirbúning kosningarinnar verði í fyrstu umferð leitað eftir umsögn borgarlögmans um tillöguna. Íbúakosningin verði haldin í gegnum rafrænt kosningakerfi sem Þjóðskrá hefur til ráðstöfunar. Allir íbúar á kosningaaldri í Reykjavíkurborg eigi rétt til þátttöku í kosningunni.*

Umsögn borgarlögmans:

Samkvæmt 1. gr. sveitarstjórnarlaga skiptist Ísland í sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð. Þá segir í 1. og 2. mgr. 4. gr. sömu laga að sveitarfélög hafi ákveðin staðarmörk sem ráðist af útmerkjum þeirra fasteigna, þ.m.t. þjóðlendna sem innan þeirra liggja og að óheimilt sé að breyta mörkum sveitarfélaga nema með lögum. Í 2. mgr. 10. gr. sömu laga er kveðið á um að Reykjavíkurborg sé höfuðborg Íslands

Samkvæmt 1. mgr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 ákveður sveitarstjórn hvort fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélagsins um einstök málefni þess með þeim takmörkunum sem fram koma í 108. gr. laganna. Málefni þau sem ekki er heimilt að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um meðal íbúa sveitarfélagsins eru tilgreind í 3. mgr. 108. gr. og er hún svohljóðandi:

*Almennrar atkvæðagreiðslu skv. 107. gr. verður ekki krafist um efni fjárhagsáætlunar skv. 62. gr. og viðauka skv. 63. gr., um tekjustofna sveitarfélaga eða álagningu annarra lögheimilla gjalda, um ráðningu í störf hjá sveitarfélagi, um laun og önnur starfskjör sveitarstjórnarmanna eða starfsmanna sveitarfélags eða tillögu sem gengur gegn lögum eða mundi leiða til þess að lagaskyldu yrði ekki fullnægt af hálfu sveitarfélagsins.*

Verður ákvæðið ekki túlkað á annan hátt en að möguleg niðurstaða atkvæðagreiðslu megi hvorki ganga gegn gildandi lagafyrirmælum né skyldum þeim sem á sveitarfélaginu hvíla. Af þessu leiðir m.a. að möguleg niðurstaða almennrar atkvæðagreiðslu verður að vera í samræmi við lögmætisreglu stjórnsýsluréttar en í henni felst að stjórnvald verður að haga ákvörðunum sínum í samræmi við fyrirmæli gildandi laga og stjórnvaldsfyrirmæla.

Verður að telja að þrátt fyrir að aðeins yrði um ráðgefandi niðurstöðu að ræða girði skipulag landsins samkvæmt framansögðu fyrir að slíkri spurningu verði beint að íbúum í Reykjavík enda vandséð hvernig unnt væri að vinna með niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar og ekki á valdsviði Reykjavíkurborgar né gert ráð fyrir þeim möguleika að íslenskum lögum að sjálfstæð borgarríki verði stofnuð í landinu.

Kristbjörg Stephensen